



EFNISTAKA ÚR SEYÐISHÓLUM

Greinargerð vegna útgáfu framkvæmdaleyfis

04.03.2024



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

103220-GRE-001-V02

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/8

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Vígfús Þór Hróbjartsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ásgeir Jónsson

LYKILORÐ

Seyðishólar, efnistaka, framkvæmdaleyfi, greinargerð, Grímsnes- og Grafningshreppur, skipulag

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
 Drög til yfirlstrar
 Lokið

DREIFING

- Opin
 Dreifing með leyfi verkkaupa
 Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Efnistaka úr Seyðishólum – Greinargerð vegna útgáfu framkvæmdaleyfis

VERKHEITI

Efnistaka í Seyðishólum -greinargerð vegna framkvæmdaleyfis

VERKKAUPI

Grímsnes- og Grafningshreppur

HÖFUNDUR

Anna Rut Arnardóttir
Snævarr Örn Georgsson

ÚTDRÁTTUR

Eftirfarandi er greinargerð um afgreiðslu framkvæmdaleyfis Grímsnes- og Grafningshrepps vegna áframhaldandi efnistöku og efnisvinnslu úr Seyðishólum, námu E24. Frá árinu 1950 hafa um 450 þús. m³ af föstu efni verið numdir úr námunni. Fyrirhugað er að taka úr námunni allt að 500 þús. m³ á 15 árum eða 33 þús. m³ á ári.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Anna Rut Arnardóttir	08.06.23	Halla Kristjánsdóttir	12.06.23	Anna Rut Arnardóttir	22.06.23
02	Anna Rut Arnardóttir Snævarr Örn Georgsson	22.02.24			Snævarr Örn Georgsson	22.02.24

INNGANGUR

Eftirfarandi er greinargerð um afgreiðslu framkvæmdaleyfis Grímsness- og Grafningshrepps vegna áframhaldandi efnistöku úr Seyðishólum, svæði E24. Greinargerðin er unnin í samræmi við 10. og 12. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en þar segir:

„Leyfisveitandi skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr., skal það koma fram í leyfinu.“

Í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 segir jafnframt:

„Leyfisveitandi getur bundið framkvæmdaleyfi skilyrðum og skulu þau koma fram í framkvæmdaleyfi. Heimilt er að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum:

- 1. um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir, vöktun og öryggisráðstafanir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, menningarmínjar og náttúruyfyrirbæri, eða til að tryggja öryggi. Skipulagsskilmálar skulu vera ritaðir í framkvæmdaleyfið;*
- 2. er fram koma í áliti eða ákvörðunum Skipulagsstofnunar eða umsögnum umsagnaraðila vegna málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt öðrum lögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra.“*

Suðurtak ehf. sótti um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr Seyðishólum, dags. 17. febrúar, 2023. Eftirfarandi fylgigögn fylgdu umsókninni:

- Umhverfismatsskýrsla, dags. 31. ágúst 2022
- Álit Skipulagsstofnunar, dags. 12. desember 2022
- Uppdráttur sem sýnir mörk framkvæmdasvæðisins og fyrirhugaða mótun námunnar

Erindið verður tekið fyrir af sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps. Með vísan til þess veitir sveitarfélagið hér framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Gildistími framkvæmdaleyfis er til og með 31. desember 2039.

Framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hefjist framkvæmd ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

UM FRAMKVÆMDINA

Framkvæmdaleyfið tekur til áframhaldandi efnistöku og efnisvinnslu úr Seyðishólum. Í aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps 2020-2032 er náman skilgreind sem náma E24, Seyðishólar-syðri. Þar er efnistökusvæðið skilgreint sem *malarnáma í notkun, 6,5 ha að stærð með efnismagn allt að 500 þús. m³.*

Efnistaka hefur farið fram í námunni frá árinu 1950 og hafa um 450 þús. m³ af föstu efni verið teknir á um 3,5 ha svæði. Framkvæmdaleyfið tekur til áframhaldandi efnistöku sem nemur allt að 500 þús. m³ eða 33 þús. m³ á ári. Áætluð stærð námusvæðis að efnistöku lokinni er 4,4 ha.

Tilgangur framkvæmdarinnar er áframhaldandi efnisnám á gjallefni, til sölu, eins og verið hefur síðustu áratugi, og aukinn útflutningur á gjalli til iðnaðarframleiðslu.

Sú vinnsla sem á sér stað í námunni felst í efnislosun með vinnuvélum, sigtun á hluta efnis, mölun, eftir þörfum, og mokstur á flutningabíla. Þau vinnutæki sem að jafnaði verða á svæðinu eru 1-2 gröfur, og tilfallandi vinnslutæki eins og vélskófla, lítil jarðýta, harpa og kvörn. Á svæðinu verður að auki allt að 4.000 lítra olíutankur og færanlegur húsbíll með hreinlætis- og kaffiaðstöðu fyrir starfsfólk. Tekin hefur verið í notkun ný vélasamstæða til sigtunar og mölunar á efni sem er afkastameiri og hljóðlátari en fyrri vélar. Hægt er að knýja hana með rafmagni og hyggst framkvæmdaraðili fá rafmagnsheimtaug og nota rafmagn sem orkugjafa við vinnsluna.

Efni verður flutt af svæðinu á vörubifreiðum. Fyrirhugað er að um 20 - 25 þús. m³ af efni verði flutt árlega til Þorlákshafnar til útflutnings, annað efni verði notað í nágrenninu. Yfirbreiðslur verða á öllum vögnum bifreiðanna. Efni til útflutnings er flutt á lóð Jarðefnaiðnaðar ehf. í Þorlákshöfn og gert ráð fyrir að notast verði við vörubifreiðar sem flutt geta um eða yfir 30 m³. Gert er ráð fyrir að efni ætlað til notkunar innanhalds verði flutt með vörubifreiðum sem flutt geta 15 m³. Miðað við 150 vinnudaga á ári er áætlað að um 3.000 ferðir vörubifreiða séu farnar til og frá námunni á ári eða að meðaltali um 20 ferðir á dag.

Malarvegur frá námu að Búrfellsvegi, sem nýttur verður til efnisflutninga, verður lagður bundnu slitlagi til að daga úr rykmyndun og hávaða.

Eftirfarandi er yfirlit yfir kennistærðir framkvæmdarinnar.

VERKÞÆTTIR	KENNISTÆRÐIR
<i>Fyrirhuguð efnistaka</i>	
Alls (yfir 15 ára tímabil)	500.000 m ³
Árlega	33.000 m ³
Stærð efnistökusvæðis að efnistöku lokinni	4,4 ha alls

Framkvæmdin skal samræmast samþykktum uppdráttum, lýsingu á framkvæmd og þeim lögum og reglugerðum sem gilda um framkvæmdaleyfi.

Hönnunargögn sem fylgja með framkvæmdaleyfisumsókn Suðurtaks ehf. uppfylla þær kröfur sem koma fram í reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Grímsness- og Grafningshrepps 2020-2032

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið.

Á þessu stigi liggur ekki fyrir hver eftirlitsaðili framkvæmdarinnar verður.

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM OG SKILYRÐI

Umhverfismati framkvæmdarinnar lauk með álit Skipulagsstofnunar í desember 2022. Umhverfismatið tekur til áframhaldandi efnistöku úr Seyðishólum og flutnings á efni.

Í umhverfismatsskýrslu er lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði, landslag/sjónræn áhrif, gróður, dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar, fornminjar, umferð, samfélag og verndarsvæði í grenndinni. Áhrif á gróður, dýralíf, vatnafar og fornminjar eru metin óveruleg eða engin.

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði og ónæði óveruleg að teknu tillit til þess að búið sé að uppfæra vélar sem dragi úr hávaða og að framkvæmdaraðili ætli sér að leggja bundið slitlag á veg að námu til að draga úr rykmyndun. Þá telur stofnunin að ónæði vegna efnisflutninga sé ekki líklegt til að verða verulegt þar sem um tiltölulega fáar ferðir er að ræða. **Er það afstaða leyfisveitenda að áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði og ónæði teljist óveruleg að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, en að jafnframt skuli framkvæmdaraðili vakta mögulegt fok á gjalli frá námunni og grípa til frekari áðgerða ef þörf er á að höfðu samráði við sumarhúsaeigendur og Skógræktina.**

Skipulagsstofnun telur áhrif á jarðmyndanir og landslag/sjónræn áhrif nokkuð neikvæð. Hins vegar sé svæðið sé nú þegar mjög raskað og fyrirhuguð flatarmálsstækkun námunnar ekki umfangsmikil. Þar sem að svæðið nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og er það mat stofnunarinnar að þegar þessari efnistöku ljúki skuli látið staðar numið og þeir hlutar gígsins sem eftir standi varðveittir. Einnig bendir Skipulagsstofnun á að í framkvæmdaleyfi þurfi að setja skýr skilyrði varðandi frágang og tímamörk efnistökkunnar. **Í samræmi við álit Skipulagsstofnunar er það afstaða leyfisveitenda að áhrif á jarðmyndanir og landslag/sjónræn áhrif teljist ekki veruleg að teknu tilliti til flatarmálsstækkunar námunnar og þess að svæðið er nú þegar raskað. Í þessu framkvæmdaleyfi eru sett skilyrði um frágang og tímamörk efnistöku. Þegar að efnistöku lýkur verði þeir hlutar gígsins sem eftir standa varðveittir.**

Í umhverfismatsskýrslu var fjallað um aðalvalkost, sem framkvæmdarleyfi þetta tekur til, sem gerir ráð fyrir 500 þús. m³ efnistöku á 15 árum, eða um 33 þús. m³ á ári. Einnig er nefndur valkostur 2, sem gerir ráð fyrir að efnistaka verði svipuð og undandarin ár eða um 20 þús. m³ á ári. Það samsvarar um 300 þús. m³ á 15 árum eða 500 þús. m³ á 25 árum. **Að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru fram til að draga úr ónæði vegna aukinna efnisflutninga er framkvæmdaleyfi veitt fyrir aðalvalkosti.**

Rökstuðningur framkvæmdar

Efnistakan fer fram í jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, og skal leyfisveitandi skv. 3. mgr. 27. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð sé rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar. Umfjöllun Skipulagsstofnunar um jarðmyndanir er eftirfarandi:

Um er að ræða áframhaldandi allumfangsmikla efnistöku í gjallgígum sem bera mikil ummerki rasks vegna áratuga efnisnáms. Þó að fyrir liggja að búið sé að raska svæðinu nú þegar þá réttlætir það ekki fyrirhugaða efnistöku í jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og ljóst er að áframhaldandi efnistaka mun hafa í för með sér frekara varanlegt og óafturkræft rask á gjallgígnum. Tekið er undir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðið hafi hátt verndargildi þrátt fyrir það mikla rask sem orðið hefur og að að fyrirhugaðri efnistöku lokinni ætti að nema staðar og varðveita það sem eftir stendur af gígnum. Í ljósi þess sem rakið er að framan telur Skipulagsstofnun að líta verði svo á að áhrif á jarðmyndanir verði staðbundið nokkuð neikvæð.

Grímsnes- og Grafningshrepp er kunnugt um að jarðmyndunin nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum og er rökstuðningur fyrir áframhaldandi efnistöku er eftirfarandi:

- Þegar raskað svæði: Líkt og kemur fram í umhverfismatskýrslu og áliti Skipulagsstofnunar er svæðið þegar raskað af fyrri efnistöku. Það réttlætir ekki sjálfkrafa áframhaldandi rask en vegur óneitanlega þungt að mati sveitarfélags. Það verður að afla jarðefna fyrir framkvæmdir í sveitarfélaginu og er það mat sveitarfélagsins að umhverfisáhrif séu minni ef nýtt er náma sem nú þegar er opin og allir innviðir til staðar. Efnispörfin hverfur ekki þó þessari námuvinnslu væri hætt og myndi ásókn í aðrar námur aukast, eða þá að opna þyrfti nýjar námur með tilheyrandi umhverfisáhrifum.
- Sérstakt efni í samfélaginu: Rauðleita jarðefnið sem fæst úr Seyðishólum og hefur verið notað í stóran hluta malar- og sumarbúastaðavega á svæðinu er fyrir löngu orðið einkennandi fyrir svæðið og hluti af ímynd þess og sögu. Vilji er hjá sveitarfélaginu að halda í þetta einkenni.
- Kolefnisspor: Mikil uppbygging í Grímsnesi kallar á mikla notkun jarðefna og er flutningur á efninu veigamikill þáttur í kolefnisspori framkvæmda. Það minnkar því kolefnissporið umtalsvert að hafa aðgang að opinni námu í nærumhverfinu. Álag á vegi og umferð er jafnframt minna sem og slit á ökutækjum, allt þetta stuðlar að minni umhverfisáhrifum heldur en ef sækja þyrfti efni um langan veg. Engin önnur náma af sambærilegri stærð er nær stóru sumarbústaðabyggingunum í Grímsnesi meðfram Soginu og Hvítá.
- Lægri byggingarkostnaður: Jarðefni er nauðsynlegur þáttur í innviða- og mannvirkjagerð og flutningskostnaður hefur mikil áhrif á kostnaðarlið jarðefna í framkvæmdum. Að hafa aðgang að opinni námu í nærumhverfinu minnkar byggingarkostnað og eykur hagkvæmni uppbyggingar í sveitarfélaginu.
- Atvinnuuppbygging í sveitarfélaginu: Efnistakan í Seyðishólum er af þeirri stærðargráðu að hún hefur teljandi áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu og stöðvun hennar myndi skilja eftir sig skarð sem eftir væri tekið.

Þegar tekið hefur verið tillit til fyrrnefndra atriða þá er það mat sveitarfélagsins að stöðvun efnistöku hefði í för með sér neikvæð áhrif á önnur svæði vegna aukinnar eða nýrrar efnistöku, kolefnisspor framkvæmda myndi aukast, slit á vegum og ökutækjum myndi aukast, byggingarkostnaður myndi hækka og framkvæmdir í sveitarfélaginu yrðu óhagkvæmari, atvinnulíf í sveitarfélaginu yrði fyrir höggi og svæðið myndi missa sína einkennandi rauðu malarvegi sem litað hafa sögu og ímynd svæðisins í áratugi. Þar af leiðandi telur sveitarfélagið að það sé brýn nauðsyn að leyfa efnistöku á þegar röskuðu svæði í stað þess að opna ný efnistökusvæði. Skipulagsstofnun lagðist ekki gegn efnistöku og sveitarfélagið metur það svo að almannahagsmunir almennings í sveitarfélaginu réttlæti áframhaldandi efnistöku úr jarðmynduninni í Seyðishólum.

Skilyrði leyfisveitanda

Í samræmi við álit Skipulagsstofnunar frá 2022, umhverfismatskýrslu framkvæmdaraðila frá 2022 og framkomnar athugasemdir sem bárust í grenndarkynningu er framkvæmdaleyfi þetta bundið eftirfarandi skilyrðum:

- Skal núverandi aðkomuvegur frá námu um Hólaskarðsveg að Búrfellsvegi **lagður bundnu slitlagi** til að daga úr rykmyndun og hávaða vegna efnisflutninga.
- Allir efnisflutningabílar skulu vera með **ábreiðslur við efnisflutninga** til að koma í veg fyrir að gjall og ryk berist frá bílunum.
- Efnisvinnsla í námunni skal aðeins fara fram á **virikum dögum frá 8:00 til 18:00** og efnisflutningar á **virikum dögum frá kl. 9:00 til 18:00**. Ekki er heimil efnisvinnsla eða -flutningar á lögbundnum frídögum.
- Bílstjórum er uppálagt að aka ekki hraðar en **skiltaður hámarkshraði viðkomandi vegar segir til um** en jafnframt skal tekið mið af **aðstæðum**.
- Í vondum veðrum skal framkvæmdaraðili **vakta svæðið m.t.t. gjallfoks** og halda skrá um möguleg atvik þar sem fok á gjalli úr námunni á sér stað. Skal skrá þessi vera aðgengileg leyfisveitanda á verkstað á verktíma. Ef kemur til aukins gjallfjoks vegna efnisvinnslu eða efnisflutninga skal efnisvinnsla stöðvuð og framkvæmdaraðila gert að leggja fram áætlun um endurbætur að höfðu samráði við sumarhúsaeigendur og Skógræktina.
- Að framkvæmdatíma loknum skal gengið frá svæðinu þannig að það sé **aðgengilegt til skoðunar fyrir almenning**. **Yfirborð í námu skal jafnað og veggir námu mótaðir þannig að ekki sé hætt á hruni**. Við frágang skal **leitast við að raska ekki öröskuðu svæði** utan við skilgreint námusvæði, umfram það sem nauðsynlegt þykir.
- Þegar að þeirri efnistöku sem framkvæmdaleyfi þetta tekur til lýkur verði þeir **hlutar gígsins sem eftir standa varðveittir**.
- Framkvæmdaraðili skal leitast við að **lágmarka kolefnisspor** sitt, t.d. með því að knýja vinnutæki með raforku eða öðrum umhverfisvænum orkugjöfum.
- Leyfishafi skal afla annarra nauðsynlegra leyfa fyrir framkvæmdinni:
 - **Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands** samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit (viðauki X).
- Öll gjöld og kostnaður skulu greidd.

Allar breytingar á framkvæmd skal tilkynna til Grímsness- og Grafningsshrepps og Skipulagsstofnunar.

Framkvæmdaleyfi þetta tekur gildi þegar gjöld hafa verið greidd, sbr. 13. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Framkvæmdaraðila ber að hafa framkvæmdaleyfi aðgengilegt á verkstað á framkvæmdatíma.

Afrit af framkvæmdaleyfi verður sent til Umhverfisstofnunar sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Mótvægisáðgerðir

Yfirlit yfir mótvægisáðgerðir byggt á skilyrðum leyfisveitenda.

Umhverfispáttur	Mótvægisáðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð
Loftgæði og ónæði	Núverandi aðkomuvegur frá námu um Hólaskarðsveg að Búrfellsvegi skal lagður bundnu slitlagi Allir efnisflutningabílar skulu vera með ábreiðslur við efnisflutninga	Undirbúningstími	Suðurtak ehf.
Landslag og ásýnd	Við frágang á svæðinu í verklok skal gengið frá því þannig að það sé aðgengilegt til skoðunar fyrir almennig, yfirborð í námu skal jafnað og veggir námu mótaðir þannig að ekki sé hætta á hruni. Leitast skal við að raska ekki óröskuðu svæði utan við skilgreint námusvæði, umfram það sem nauðsynlegt þykir.	Verklok	Suðurtak ehf.

Vöktun

Yfirlit yfir þá þætti umhverfisins sem þarf að vakta byggt á skilyrðum leyfisveitenda.

Umhverfispáttur	Vöktun	Tímasetning	Ábyrgð
Loftgæði	Í vondum veðrum skal framkvæmdaraðili vakta svæðið m.t.t. gjallfoks og halda skrá um möguleg atvik þar sem fok á gjalli úr námunni á sér stað. Skal skrá þessi vera aðgengileg leyfisveitenda á verkstað á verktíma. Ef kemur til aukins gjallfjoks vegna efnisvinnslu eða efnisflutninga skal efnisvinnsla stöðvuð og framkvæmdaraðila gert að leggja fram áætlun um endurbætur að höfðu samráði við sumarhúsaeigendur og Skógræktina.	Rekstartími	Suðurtak ehf.